

Dómsorð:

Stefndi, Árelíus Níelsson f. h. ófjárráða barna sinna og fósturbarns, Maríu J. Bjarkar, Rögnvalds Bjarkar, Sæmundar Kr. Bjarkar, Ingvars H. Bjarkar og Þórðar Bjarkar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 13. maí 1964.

Nr. 7/1963. **Oddviti Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins**
(Einar Viðar hdl.)

gegn

**Garðari Jónassyni, Guðnýju Jónasdóttur,
Jónu Jónasdóttur, Ólafi Jónassyni, Ragnari
Jónassyni, Sigurlínu Jónasdóttur og Sæ-
björgu Jónasdóttur**

(Björgvin Sigurðsson hdl.)

og

Jóhann Björnsson

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.)

gegn

**Oddviti Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins,
Garðari Jónassyni, Guðnýju Jónasdóttur,
Jónu Jónasdóttur, Ólafi Jónassyni, Ragnari
Jónassyni, Sigurlínu Jónasdóttur og
Sæbjörgu Jónasdóttur.**

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Theodór B. Lindal.

Námaréttindi. Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, oddviti Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins, hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. janúar 1963 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefndu, lögbannið frá 8. ágúst 1960 verði úr

gildi fellt og honum dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, eigendur Seljateigshjáleigu, krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Jóhann Björnsson, eigandi Seljateigs af hluta, hefur hinn 9. maí 1964 fengið áfrýjunarleyfi. Hefur hann haft fyrirsvarsmann við málflutninginn í Hæstarétti með samþykki annarra aðilja. Kveðst hann gera sömu kröfur og í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram skjalgögn um, hverjir eru eigendur Seljateigs og Seljateigshjáleigu. Þykir vöntun héraðsdóms í þessu efni eigi eiga, eins og á stendur, að leiða til ómerkingar hans, sbr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Með hinum áfrýjaða dómi er gagnáfrýjanda, Jóhanni Björnssyni, sem eiganda Seljateigs af hluta dæmdur sameignarréttur að malarnámi í landi jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu.

Aðaláfrýjandi hefur eigi stefnt málinu til Hæstaréttar á hendur gagnáfrýjanda, Jóhanni Björnssyni. Kröfur gagnáfrýjanda, Jóhanns Björnssonar, fyrir Hæstarétti verður, eins og málatilbúnaði er háttað, að skýra svo, að hann krefjist staðfestingar héraðsdóms. Þegar af þessum ástæðum ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um rétt gagnáfrýjanda, Jóhanns Björnssonar, til malarnáms í landi jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu.

Eftir yfirlandskiptin á löndum Seljateigs og Seljateigshjáleigu hinn 6. júní 1945 hélzt námuréttur í landi hvorrar tveggja jarðar í óskiptri tiltölulegri sameign allra eigenda jarðanna. Gerningurinn frá 9. nóvember 1949 um makaskipti á lendunni „Móum“ úr Seljateigshjáleigu og lendunni „Puntbala“ úr Seljateigi geymir engin ákvæði, sem af verði leitt niðurfall hins gagnkvæma námuréttar, sem aðiljar áttu hver í annars landi. Hafa makaskiptin þannig eigi hróflað við þessum gagnkvæma rétti. Ber því að staðfesta með dómi, að malarnám í landi jarðanna Seljateigs

og Seljateigshjáleigu er í óskiptri sameign allra eigenda nefndra jarða að rétttri tiltölu við eignarhluta hvers þeirra í jörðunum með þeim réttindum og skyldum, sem slíkri sameign fylgir að lögum. Lögbannið frá 8. ágúst 1860 var réttilega á lagt og stóð, unz fyrirsvarsmaður stefndu felldi það niður 23. nóvember s. á.

Um málskostnað fer þannig:

Málskostnaður fellur niður, að því er varðar gagnáfrýjanda Jóhann Björnsson.

Aðaláfrýjandi greiði kostnað af héraðsdómi, kr. 4000.00, og kostnað af uppdrætti, kr. 2000.00. Hann greiði og stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Malarnám í landi jarðanna Seljateigs og Seljateigshjáleigu er í óskiptri sameign allra eigenda nefndra jarða að rétttri tiltölu við eignarhluta hvers þeirra í landi jarðanna með þeim réttindum og skyldum, sem slíkri sameign fylgir að lögum.

Lögbannið frá 8. ágúst 1960 var réttilega á lagt, og stóð það, unz fyrirsvarsmaður stefndu felldi það niður 23. nóvember s. á.

Málskostnaður fellur niður í máli gagnáfrýjanda, Jóhanns Björnssonar.

Aðaláfrýjandi, oddviti Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins, greiði kostnað af héraðsdómi, kr. 4000.00, og kostnað af uppdrætti, kr. 2000.00. Hann greiði og stefndu, Garðari Jónassyni, Guðnýju Jónasdóttur, Jónu Jónasdóttur, Ólafi Jónassyni, Ragnari Jónassyni, Sigurlinu Jónasdóttur og Sæbjörgu Jónasdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur vettvangsdóms Suður-Múlasýslu 25. október 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., er af stefnanda, Garðari Jónassyni bónda, Seljateigshjáleigu, f. h. eigenda jarðarinnar Seljateigshjáleigu í Reyðarfjarðarhreppi höfðað fyrir vettvangsdómi Suður-Múlasýslu gegn hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins með stefnu, útgefinni 11. ágúst 1960 og birtri næsta dag, til staðfestingar á lögbannsgerð, sem fram fór í fógeta-rétti Suður-Múlasýslu þ. 8. ágúst 1960, en þar var lagt lögbann við sandnámi úr svokölluðu Melshorni í landi Seljateigshjáleigu, svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 3. október 1960, birtri næsta dag, stefnir stefnandi Jóhanni Björnssyni bónda, Seljateigi, sem eiganda jarðarinnar, auk stefnda, hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps, og til réttargæzlu bifreiðarstjórunum Stefáni Bjarnasyni, Búðareyri, og Ómari Gústafssyni, Búðareyri.

Í framhaldssökinni eru gerðar þessar dómkröfur:

að staðfest verði lögbannsgerðin frá 8. ágúst 1960;

að rift verði með dómi réttarins yfirskiptum frá 21. september 1944;

að því verði slegið föstu með dómi réttarins, að Seljateigshjáleigu fylgi réttur til hvers konar náma, þar á meðal til sands og malarnáms, hvarvetna í landi Seljateigs og Seljateigshjáleigu, allt eftir réttum eignarhlutföllum téðra jarða;

að óheimilt sé að nota eða ráðstafa sand- og malarnáminu, nema til komi samþykki allra eigenda beggja jarða;

enda verði hinum stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað í aðalsök og framhaldssökinni að mati dómsins.

Aðalstefndi í málinu, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, gerir þær dómkröfur, að lögbann það, sem lagt var við sandnámi úr Melshorni í Seljateigshjáleigu 8. ágúst, verði fellt úr gildi. Jafnframt, að hún verði sýknuð af kröfum stefnenda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæzlustefndu hefur aðeins verið mætt einu sinni í málinu, og hafa þeir engar dómkröfur haft uppi.

Undir flutningi málsins varð samkomulag um það milli aðilja að skipta sökinni þannig, að dómur verði fyrst uppkveðinn um þær dómkröfur stefnanda, sem lúta að lögbannsgerðinni, og þær kröfur, sem af henni leiða, þ. e. allar dómkröfur stefnenda, nema kröfuna um, „að rift verði með dómi réttarins yfirskiptunum frá 21. september 1944“.

Eftir að ákveðið var að skipta sökinni, voru af hálfu stefnda Jóhanns Björnssonar, Seljateigi, gerðar þær dómkröfur, að þar sem hann væri ekki sameigandi Reyðarfjarðarhrepps að „Mó-um“, þá ætti hann ekki sameiginlega varnarsök gagnvart stefnendum í lögbannsmálinu, og er málskostnaðarkröfum á hendur honum því mótmælt algerlega.

Af hans hálfu er þess einnig krafizt, að verði lögbannsgerðin staðfest og sameiginlegur réttur allra eigenda Seljateigs og Seljateigshjáleigu yfir malarnáminu í landinu öllu viðurkenndur, þá verði réttur hans sem eins eigendanna jafnframt viðurkenndur.

Af þessu verður í dómi þessum aðeins fjallað um nefndar kröfur og þann hluta málflutningsins, sem að þeim vikur.

Málavextir eru þeir, samkvæmt stefnu og greinargerð stefnenda, að þ. 15. júlí 1960 ritar stefnandi, Garðar Jónasson, sýslumanni og beiðist, að lögbann verði lagt við sandnámi í Melshorni í Seljateigshjáleigu, þar sem oddviti Reyðarfjarðarhrepps neitar hlutdeild hans í umræddu sandnámi og leyfir þar sandtöku þrátt fyrir margendurtekin mótmæli hans.

Lögbannsgerðin var framkvæmd þ. 8. ágúst 1960. Innan lögmæls frests var síðan stefnt til staðfestingar lögbanninu fyrir vettvangsdóm Suður-Múlasýslu.

Jarðirnar Seljateigur og Seljateigshjáleiga eiga sameiginlegt óskipt útland að miklu leyti.

Á landi jarðanna hafa hvað eftir annað farið fram skipti og þá skipt hlutum úr þeim, einkum til ræktunar.

Skipti fóru fram 2. september 1936, og er þar tekið fram, að mestur hluti lands vestan Geithúsaár, en fyrir neðan Græna-fell, skuli vera óskipt beitiland beggja jarðanna. Með skiptum 14. júlí 1942 var nokkru af þessu landi skipt þannig, að Seljateigur átti land, sem takmarkaðist að austan af línu úr miðju Geithúsaárgili í Melshorn og beint framhald í Stuðlaá, neðan Fagradalsbrautar inn að Puntbalalæk, þaðan í næsta símastaur austan Puntbala og framhaldandi beina línu í Stuðlaá. Þetta landssvæði er oft nefnt „Móar“.

Seljateigshjáleiga eignaðist landið næst fyrir vestan inn að Skógarhöfðalæk. Þetta landssvæði er oft nefnt „Puntbali“.

Við yfirskipti 21. september 1944 snýst eignarhald þessara jarðahluta við, þannig að Seljateigshjáleiga eignaðist „Móa“, en Seljateigur „Puntbala“.

Hinn 5/8 1949 rita eigendur Seljateigshjáleigu hreppsnefnd

Reyðarfjarðarhrepps og fara þess á leit, að hún hafi makaskipti við þá á landi þannig, að þeir fái svonefndan Puntbala ásamt öðru landi, er Reyðarfjarðarhreppur hlaut undir Grænafeili við landskipti 1944 sunnan Fagradalsvegar.

En Reyðarfjarðarhreppur fái í staðinn svonefnda Móa, sem þeim var úthlutað næsta ár.

Bréfi þessu svarar hreppsnefndin með bréfi 5. september 1949, og er þar skýrt frá svohljóðandi samþykkt, sem gerð var 31. ágúst sama ár:

„Hreppsnefndin samþykkir að hafa landskipti á Puntbalastykki, sem hreppurinn á, og Móastykki, sem Ólafur og Garðar eiga, eru bæði stykkinn undir Grænafeili, sunnan Fagradalsvegar. Nánari atriði skulu tekin fram í landskiptasamningi, sem gerður verður.“

Landskiptasamningur þessi er lagður fram í málinu og nefndur makaskiptasamningur og svohljóðandi:

„Við undirritaðir, eigendur Seljateigshjáleigu, og oddviti Reyðarfjarðarhrepps fyrir hönd hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps (en hreppurinn er eigandi að hluta úr Seljateigi) gerum með okkur svofelldan

MAKASKIPTASAMNING:

Eigendur Seljateigshjáleigu afsala Reyðarfjarðarhreppi landsvæði, sem venjulega er nefnt Móar og er hluti á svæði því, sem um getur í landskiptagerð, dags. 21. sept. 1944, tölul. 5, stafl. C.

Mörk svæðisins eru: *að utan* lína úr mynni Geithúsaárgils í melkoll neðan við Fagradalsbraut, *að ofan* Fagradalsbraut, *að vestan* lína úr steini við Puntbalalæk um símastaur í melnum utan við Puntbalann, þaðan í jarðfastan stein á slétta mónum austan við Puntbalann og sjónhending í Stuðlaá, *að neðan* Stuðlaá.

Í staðinn fyrir þetta landsvæði afsalar oddviti Reyðarfjarðarhrepps eigendum Seljateigshjáleigu landsvæði, sem venjulega er nefnt Puntbali og um getur í fyrrnefndri landskiptagerð, tölul. 5, stafl. D, síðari málsgrein, en þar segir:

„Sunnan Fagradalsvegar á Seljateigur land frá nefndum mörkum Seljateigshjáleigu austan Puntbala að rennu í Fagradalsvegi, sem er upp af Skógarhöfða og sjónhending í foss, sem ber yfir Stuðlabæ.“

Þegar skipti þessi eru um garð gengin, standast að mestu á

skógræktarland Reyðarfjarðarhrepps ofan Fagradalsbrautar og land hreppsins neðan brautarinnar.

Á nefndum landssvæðum eru höfð slétt skipti, og kemur engin greiðsla á milli.

Stimpil- og þinglýsingargjald af skjali þessu má miða við kr. 500.00, þó að eigendur telji löndin varla svo mikils virði.“

Í stefnu og málflutningi leggja stefnendur áherzlu á það, að með þeim landskiptum og skiptasamningum, sem gerðir hafa verið um þessa jarðarparta, hafi ekki verið skipt né samið um námarétt í landinu.

Er vitnað í 3. gr. laga nr. 46/1941 um landskipti, þar sem segir svo:

„Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekjum, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða samþykki allra eigenda komi til.“

Síðan segja stefnendur á þessa leið:

„Alkunnugt er, að engin slík skynsamleg skipti hefði mátt gera á hér umræddum réttindum og hlunnindum jarðanna. Í landi jarðanna er mikið og gott byggingarefni í jörðu. Er þetta sandur um 97% hreinn. Hafa menn notað efni úr námu í landinu án hörpunar eða þvottar og gefizt vel. Vegagerð ríkisins hefur tekið þar sand um árabil og að vísu eigi goldið fyrir.

Síðan 1954 hafa margir aðrir tekið þar sand til bygginga, allir án heimildar og án endurgjalds.

Annar eigenda Seljateigs, hin stefnda hreppsnefnd fyrir hönd heppsins, virðist 1959 hafa samið við tvo menn, hina réttargæzlu-stefndu Stefán Bjarnason bifreiðastjóra og Ómar Gústafsson bifreiðastjóra, báða að Búðareyri, og veitt þeim einkarétt á sandtöku úr sandnámu þeirri, er notuð hefur verið, allt gegn greiðslu á kr. 3.00 fyrir tonnið.

Ekki þarf að fjölyrða um það, að þessi samningur hreppsnefndarinnar er með öllu heimildarlaus og ólöglegur. Hefur hann aldrei verið borinn undir eigendur Seljateigshjáleigu, hvað þá samþykktur af þeim. Segir það sig sjálf, að yfir höfuð er óheimilt að nota eða ráðstafa sandnáminu, nema allir sameigendur samþykki, þ. e. eigendur Seljateigs og eigendur Seljateigshjáleigu.

Sú sandnáma, sem nú hefur verið notuð, mun samkvæmt makaskiptabréfi vera í landi Seljateigs, en hins vegar telja stefn-

endur sand- og malarnám vera óskipta eign allra jarðeigendanna, svo sem aðrar námur hvar sem er í landi jarðanna.

Var því eigendum Seljateigshjáleigu nauðsynlegt að banna það sandnám, sem fram fór heimildarlaust í landinu, og fá staðfest með dómi lögbannið.

Jafnframt er það og einsætt, að nauðsynlegt var að höfða framhaldssökina til að fá endanlegan dóm fyrir rétti stefnanda í málinu.

Að öðru leyti vil ég sérstaklega taka fram eftirfarandi um dómkröfur umbj. míns. Krafa umbj. m. um staðfestingu lögbannsins frá 8. ágúst 1960 er byggð á því, að hann eigi hlutfallslegan rétt í malar- og sandnámu þeirri, er um ræðir í máli þessu, á við stefndu.“

Af hálfu varnaraðilja er í vörninni viðurkennt, að áður en makaskiptasamningurinn frá 1949 var gerður, voru eigendur Seljateigs og Seljateigshjáleigu sameigendur að öllu slíku, sem til er greint í 3. gr. landskiptalaganna, jafnt í „Móum“ og annars staðar í landi jarðanna.

Aftur á móti leggja þeir áherzlu á, að með makaskiptasamningnum sé allt sameignarsamband um þá landspildu rofið, og hafi þeir eignast landspilduna með öllu því, sem á henni er og í, með þeim samningi.

Úrslit máls þessa velta á því, hvort þessara sjónarmiða er réttara, og verður það nú virt.

Fyrst ber á það að líta, hvort malarnám fellur undir upp-talninguna í 3. gr. landskiptalaganna. Með vísun til orðanna „Eigi má staðbundin skipti gera á námarétti, þar með talið mótak“, verður hiklaust að telja, að malarnám falli undir þau réttindi, sem greinin fjallar um, einkum með tilliti til þeirrar skýringar, sem felst í því, að sérstaklega er framtekið, að mótak falli undir námarétt.

Næst er að athuga, að varnaraðili hefur viðurkennt, að eftir landskiptin 1944, sem voru yfirskipti, er námaréttur í landi jarðanna óskiptur enn og sameign allra eigenda beggja jarðanna.

Þá er að hugleiða, hvort löggerningnum frá 9. nóvember 1949, sem samkvæmt svarbréfi hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps er ætlað að verða „landskiptasamningur“, en var nefndur „makaskiptasamningur“, hefur breytt þessu ástandi. Þegar virt er orðalag samningsins, sést, að hann byggir algerlega á undangengnum landskiptagerðum, einkum yfirskiptum frá 1944.

Eini munurinn á gerningi þessum og landskiptum samkvæmt

landskiptalögunum er sá, að hann er gerður af aðiljum, beint án milligöngu valdsmanna.

Um það leyti, sem gerningurinn frá 9/11 1949 var gerður, var malarnám ekki starfrækt í hinni umdeildu námu, og gátu aðilar því ekki gert skiptasamning um það. Þeir vissu ekki um námuna og hafa því ekki samþykkt staðbundin skipti á þessum réttindum, svo sem tilskilið er, að *allir* sameigendur geri, ef slík skipti eru heimil samkvæmt landskiptalögunum.

Auk þess kom ekki til samþykki annars eiganda Seljateigs, Jóhanns Björnssonar, sem krafist hefur í máli þessu, að sameign hans verði virt.

Af mati aðiljanna að gerningnum frá 9/4 1949 á verðmæti hinna umsömdu jarðarspildna sést, að ekki hafa þeir talið nein verðmæti þar í jörðu fólgin, þar sem þeir meta hvora spilduna um sig á kr. 500.00, „þó að eigendur telji löndin varla svo mikils virði“.

Til þess að gera staðbundin skipti á námarétti og öðrum þeim hlunnindum, sem 3. gr. landskiptalaga fjallar um, þarf annað tveggja að koma til, að skiptin séu það hagkvæm, að á engan eiganda sé hallað, eða að samþykki allra eigenda komi til.

Þegar hefur verið sýnt, að slíkt samþykki er ekki fyrir hendi. Til þess að slík skipti hefðu verið gerð, er frumskilyrði, að þau hefðu verið nefnd í landskiptagerðinni. Þegar af þeirri ástæðu, að svo er ekki, er ljóst, að engin slík skipti hafa farið fram.

Að öllu framansögðu virtu, verður að líta svo á, að aðiljarnir hafi ekki með gerningnum frá 9/11 1949 samið um annað en landskiptagerðirnar fjölluðu um og því ekki ráðstafað þeim hlunnindum, sem ekki má gera staðbundin skipti á samkvæmt 3. gr. landskiptalaganna.

Á þessum forsendum verður því að staðfesta lögbannsgerðina frá 8/8 1960 og viðurkenna sameign allra eigenda Seljateigs og Seljateigshjáleigu að malarnámi í hinni umdeildu landspildu.

Aðilar hafa gert kröfu til málskostnaðar, svo sem rakið hefur verið. Með tilliti til úrslita málsins þykir verða að dæma hina stefndu hreppsnefnd f. h. hreppsins til greiðslu málskostnaðar.

Með tilliti til þess, að í dómi þessum er aðeins fjallað um hluta málsins, eins og stefnendur vildu hafa það með framhaldsstefnu, en um allt það efni, sem lögbannsgerðin gaf tilefni til, verða málskostnaðarkröfur stefnenda ekki teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður til þeirra þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00,

enda greiði þeir af þeirri fjárhæð kostnað við gerð uppdráttar, kr. 2.000.00, sem gerður var eftir kröfu þeirra.

Þá þykir og rétt, að hin stefnda hreppsnefnd greiði kostnað við dóminn, kr. 4.000.00, sem skiptist svo:

Til meðdómanda Baldurs Einarssonar 900.00 krónur, til meðdómanda Egils Jónssonar kr. 1.500.00, til meðdómanda Gísla Sigurjónssonar kr. 600.00 og ferðakostnaður dómsformanns kr. 1000.00.

Um meðferð málsins er það að segja, að það hefur dregizt nokkuð að ljúka því. Valda því að nokkru þær ástæður, að til þess að spara málsaðiljum kostnað, var með samþykki þeirra ákveðinn skriflegur málflutningur með hliðsjón af einkamála-lögum, sbr. 18. gr. landamerkjálaga. Að nokkru valda ástæður, sem dómsformaður ber ábyrgð á. Dráttur málsins hefur ekki valdið tjóni. Lögbannshafi lýsti yfir í dóminum þ. 23. nóvember 1960, að nytja mætti malarnámuna, meðan á málinu stendur, óhindrað af sér, en um arð af henni mætti fara á grundvelli úrslita máls þessa.

Umboðsmaður stefnda lýsti því yfir fyrir dómsformanni þ. 21. marz 1962, að náman yrði nytjuð í trausti áðurnefndrar yfirlýsingar stefnanda með tilteknum skilyrðum.

Enginn aðilja hefur haft uppi bótakröfur vegna dráttarins, og umboðsmenn stefnenda og stefndu lýstu því yfir í dóminum þ. 8. ágúst 1962, að þeir gerðu engar slíkar kröfur.

Annar meðdómenda, sem fyrst tóku þátt í meðferð málsins, Baldur Einarsson bóndi, Sléttu, var á s.l. vori kosinn aðalmaður í hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps og varð vanhæfur til áframhaldandi starfa í dóminum.

Vék hann því sæti, eftir að hafa setið í dóminum á 9 dómþingum.

Við tók Gísli Sigurjónsson bóndi, Bakkagerði, eftir tilnefningu og dómruðningu samkvæmt 3. mgr. 9. gr. landamerkjálaga. Hefur hann setið 3 dómþing og tekið þátt í dómsuppkvaðningu. Egill Jónsson vegaverkstjóri hefur tekið þátt í dóminum allt málið. Á grundvelli þessara starfa er þóknun meðdómenda ákveðin. Dómsformaður hefur komið til Reyðarfjarðar á öll dómþingin, og er ferðakostnaður hans ákveðinn með hliðsjón af því.

E.t.v. má að því finna, að ekki var úrskurðaður kostnaður jafnharðan eftir hvert dómþing í málinu, en í dómi þessum er kostnaðinum skipt milli aðiljanna þannig, að stefnendur beri

kostnað af gerð uppdráttarins, sem gerður var eftir kröfu þeirra og þeir geta reynt að fá endurgreiddan í síðari hluta málsins, en stefndi, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins, beri annan kostnað málsins fram að þessu.

Dóm þenna kváðu upp Axel V. Tulinius sýslumaður og með-dómendurnir Egill Jónsson vegaverkstjóri og Gísli Sigurjónsson bóndi.

Dómsorð:

Hin umstefnda lögbannsgerð frá 8. ágúst 1960 er staðfest.

Viðurkennd er sameign allra eigenda Seljateigs og Seljateigshjáleigu að malarnámi í landi jarðanna að tiltölu við eignarhluta þeirra í jörðunum, og skulu um ráðstöfun á námaréttindum gilda almennar reglur um óskipta sameign.

Hin stefnda hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps f. h. hreppsins greiði stefnendum kr. 8.000.00 í málskostnað og kostnað við dóminn, kr. 4.000.00.

Stefnendur greiði kostnað við uppdrátt, kr. 2.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógetadóms Suður-Múlasýslu 8. ágúst 1960.

Fyrir tekið: Samkvæmt kröfu Garðars Jónassonar, bónda á Seljateigshjáleigu, að leggja lögbann við sandnámi úr svokölluðu Melshorni í Seljateigslandi.

Fram er lögð skrifleg beiðni um lögbann þetta frá Garðari Jónassyni. Einnig eftirrit af makaskiptagerningi milli eigenda Seljateigshjáleigu og Reyðarfjarðarhrepps

Gerðarbeiðandi er sjálfur mættur. Fyrir hönd gerðarþola er mættur Marínó Sigurbjörnsson, varaoddviti Reyðarfjarðarhrepps. Umboðsmaður gerðarþola er spurður um álit hans á kröfu gerðarbeiðanda. Umboðsmaður tjáði sig ókunnan málavöxtum, en mótmæla þó lögbanni og krefjast kr. 30.000.00 — þrjátíu þúsund króna 00/100 — tryggingar fyrir tjóni, er hljótast kynni af gerðinni. Gerðarbeiðandi samþykkti tryggingarupphæðina og afhenti í réttinum eiginvixil, að upphæð kr. 30.000.00.

Fógeti lýsti því næst yfir í réttinum, að lögbann væri lagt við sandnámi úr svokölluðu Melshorni innan og neðan við Seljateigshjáleigu. Fógeti áminnti umboðsmann gerðarþola um það að brjóta ekki bannið, þar sem það væri refsivert. Og í því sambandi að tilkynna bílstjórum þeim á Reyðarfirði um lög-

bannið, sem tekið hefðu sandnám þetta á leigu af Reyðarfjarðarhreppi. Fógeti upplýsti gerðarbeiðanda um, að innan einnar viku þyrfti að höfða mál til staðfestingar lögbanninu, ef það ætti ekki að falla úr gildi.

Miðvikudaginn 20. maí 1964.

Nr. 84/1964. Gísli G. Ísleifsson f. h. John Smith
 gegn
 Ákærvaldinu.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor og Einar Arnalds yfirborgardómari.

Kærumál. Ákæra gegn útlendum togaraskipstjóra um fiskveiðabrot og brot gegn 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hafði eigi komið fyrir dóm hér á landi, en ákæran verið birt honum á heimili hans í Skotlandi réttilega að þess lands lögum. Að svo vöxnu máli og samkvæmt 129. gr. laga nr. 82/1961 varð ákærunni eigi að sinni framfylgt, að því er varðaði greind ákvæði siglingalaga og almennra hegningarlaga. Hins vegar mátti ákæran þegar ganga til dóms, að því er tók til ætlaðs fiskveiðabrots ákærða.

Dómur Hæstaréttar.

Kærandi hefur samkvæmt heimild í 124. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. marz 1964 og krafizt þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið, málinu verði vísað frá dómi og ríkissjóði dæmt að greiða honum málsvagnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti.

Saksóknari ríkisins krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og ákærða, John Smith, verði dæmt að greiða allan kostnað af kærumálinu.

Svo sem rakið er í dómi Hæstaréttar 25. júní 1963 og hinum kærða úrskurði, veitti varðskipið Óðinn b/v Milwood, A 472, hinn 27. apríl 1963 eftirför út úr íslenzkri landhelgi vegna ætlaðs fiskveiðibrots. Varðskipið stöðvaði